

Fundargerð aðalfundar FFR 31. maí 2017

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana, haldinn á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík þriðjudaginn 31. maí 2017 kl. 11-13.

Fundarstjóri: Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins

Fundarritari: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður

1. Setning fundar: Björn Karlsson, formaður FFR

Björn Karlsson, formaður FFR setti fund og stakk upp á Halldóru Vífilsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt. Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmæti fundarins, en hann skal boðaður með a.m.k. 14 daga fyrirvara skv. lögum félagsins og skal halda hann fyrir lok maí. Ekki voru gerðar athugasemdir við lögmæti fundarins. Fundarstjóri stakk upp á Ingibjörgu Steinunn Sverrisdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

2. Væntanlegar breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana: Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi hjá Strategíu.

Guðrún Ragnarsdóttir sagði frá vinnu við breytt starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana til samræmis við breytingu á lögum um kjararáð sem samþykkt var á Alþingi í lok síðasta árs. Frá áramótum hafa vikulegir fundir verið haldnir með fulltrúum FFR og Kjara og mannauðssýslu ríkisins (KMR) og skrifstofu stjórnunar og umbóta (SSU) í fjármálaráðuneytinu. Gert er ráð fyrir fjögurra ára innleiðingarferli. Lögin áttu að ganga í gildi 1. júlí n.k. en breytingartillaga liggur nú fyrir Alþingi um að fresta gildistöku til 1. janúar 2018. Guðrún sagði einnig frá ferð til Noregs með fulltrúum ráðuneytisins og reynslu Norðmanna af *Lederlønnssystemet i norsk statsforvaltning* sem tekið var í notkun árið 1997. Guðrún lýsti uppbyggingu sambærilegs íslensks kerfis, vinnu við hæfniramma, viðmið, starfsbundið mat o.fl. Einnig undirbúningi breytinga á FFR, hvaða verkefni muni færast til félagsins og hvernig þau verði leyst. Einnig ræddi hún um fjárveitingu sem gert er ráð fyrir að fylgi verkefninu skv. lögnum og hugmyndir um skrifstofu og starfsmann sem sinni þeim verkefnum sem til falla. Á næstu mánuðum mun samstarf við KMR og SSU halda áfram og í bígerð er vinnustofa snemma hausts, þar sem þau tæki sem verið er að þróa verða prófuð við gerð starfs- og hæfnismats nokkurra forstöðumanna. Þá þarf að gæta að öflugum samráði við félagsmenn.

Gissur Pétursson spurði um hlutverk stjórna í þessu breytingaferli og fram kom að stjórnir með ráðningarvald geta haft áhrif á launasetningu. Ingþór Karl Eiríksson spurði hvort almennar launabreytingar og breytingar á töflum skili sér og það verður þannig. Þórólfur Halldórsson spurði um samband við Félag forstöðumanna í Noregi, en ekki hefur fundist neitt sambærilegt félag. Halldóra Vífilsdóttir spurði um væntanlegan starfsmann félagsins eða ráðgjafa, en það verður rætt betur undir lið 7.

Björn Karlsson útskýrði af hverju lagt sé til að gildistöku laganna verði frestað, en það er vegna þess að lífeyrissjóðskuldbindingar vegna B-deildar þurfa að vera inni í fjármálaáætlun. Ef núverandi einingar verða lagðar af, þá er viðbúið að grunnaun hækki og þar af leiðandi einnig laun eftirlaunaþega skv. eftirmannsreglunni. Frestunin gefur meiri tíma til að vinna málið áfram.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðasta starfsárs: Björn Karlsson formaður FFR

Björn Karlsson flutti skýrslu stjórnar. Hann vildi nota tímann til að ræða kjaramálin og var því stuttur um skýrsluna sem lá á borðum og verður sett á vefinn www.ffr.is. Megináherslur starfsins í vetur hafa verið breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna, en það er einnig rakið í skýrslunni. Félagið fékk fimm milljón kr. styrk úr starfsþróunarsjóði embættismanna og hefur hann verið notaður til að vinna að málinu. Fræðslufundur í vetur tengdust gjarnan breytingunum og reynt var að miðla upplýsingum um breytingarnar á vef félagsins, m.a. skjöl, upptökur og streymi af fundum. Erla Bjarnadóttir hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni sem haldið hefur utan um félagaskrána og sent út fundarboð lét af störfum s.l. haust og verkefni hennar hafa dreifst á stjórnarmenn. Þá var haldið upp á 30 ára afmæli félagsins í desember 2016.

4. Skýrsla starfskjaranefndar: Tryggvi Axelsson, formaður starfskjaranefndar FFR

Tryggvi Axelsson formaður starfskjaranefndar flutti skýrslu nefndarinnar og er hún einnig í skýrslu stjórnar. Helsta málið var að fylgja eftir málssókn varðandi úrskurði kjararáðs frá 2011, í hæstarétti. Kröfunni var endanlega vísað frá og vonbrigði með niðurstöðuna, en hún er ákveðið veganesti inn í framtíðina. Starfskjaranefnd sendi bréf til kjararáðs í desember 2016 þar sem óskað var eftir almennri endurskoðun grunnröðunar forstöðumanna til samræmis við skyldur ráðsins sbr. lög um kjararáð. Ráðið taldi að hópurinn sé svo mislitur að ekki sé hægt að breyta launum allra í einu. Tryggvi lagði einnig til að komið verði á fót samstarfsnefnd við launaákvæðanir í framtíðinni, sérstaklega vegna ákvæðis um að ekki sé hægt að áfrýja launaákvörðunum. Þá ræddi hann einnig um tengingu milli rekstrar stofnana og laga um opinber fjármál og markmiðasetningu í rekstraráætlunum.

5. Lagðir fram reikningar: Halldór Ó. Sigurðsson, stjórn FFR

Halldór Ó. Sigurðsson lagði fram endurskoðaða reikninga og skýrði þá þar sem Kristín Linda Árnadóttir gjaldkeri var fjarverandi. Endurskoðendur félagsins hafa farið yfir reikningana og voru þeir samþykktir.

6. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar bárust.

7. Umfjöllun um tillögur stjórnar FFR : Björn Karlsson

Björn Karlsson gerði grein fyrir fimm tillögum sem fráfarandi stjórn mælti með að yrðu framkvæmdar á komandi starfsári. Nokkrar umræður sköpuðust, en þær voru allar samþykktar.

- 1 – um ráðningu starfsmanns og kaup á þjónustu vegna nýrra verkefna.
- 2 – um vinnustofa fyrir félagsmenn til að vinna með hæfniramma og leggja mat á störf.
- 3 – um endurskoðun laga FFR og framhaldsaðalfund.
- 4 – um óbreytt önnur starfskjör til ársloka 2018 og framlög í starfsmenntasjóði.
- 5 – um að starfskjaranefnd rýni væntanlega launatöflu frá KMR.

8. Kosning stjórnar og formanns: Margrét Hauksdóttir, formaður uppstillingarnefndar

Í uppstillingarnefnd sat Margrét Hauksdóttir. Margrét gerði grein fyrir tillögum um formann, stjórn og varastjórn. Formaður: Björn Karlsson, í stjórn: Halldór Ó. Sigurðsson, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Kristín Linda Árnadóttir og Margrét Hallgrímsdóttir, í varastjórn: Ársæll Guðmundsson, Eyþór Björnsson og Magnús Guðmundsson. Tillögurnar voru samþykktar með lófataki.

9. Kosning fulltrúa í starfskjaranefnd: Margrét Hauksdóttir, formaður uppstillingarnefndar

Margrét gerði grein fyrir tillögu uppstillingarnefndar um fulltrúa í starfskjaranefnd: Herdís Gunnarsdóttir, Hrafnkell V. Gíslason og Sveinn Runólfsson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

10. Kosning tveggja endurskoðenda og jafn margra til vara: Margrét Hauksdóttir, formaður uppstillingarnefndar

Margrét gerði einnig grein fyrir tillögu uppstillingarnefndar um endurskoðendur: Gestur Steinþórsson og Ásta Sigrún Helgadóttir, til vara: Gissur Pétursson og Eyjólfur Sæmundsson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

11. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár

Halldór Ó. Sigurðsson lagði fram tillögu um óbreytt félagsgjald, 25.000 kr. Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál

Björn Karlsson formaður félagsins þakkaði traust og samstarf í stjórn á liðnu ári. Hann þakkaði einkum þeim sem hverfa nú úr stjórn; Borghildi Erlingsdóttur, fyrrum formanni félagsins; og Guðjóni Brjánsyni, sem sagði sig úr stjórn eftir að hafa verið kjörinn á Alþingi. Björn þakkaði einnig Tryggva Axelssyni, sem veitti starfskjaranefnd félagsins formennsku síðastliðin ár. Björn ræddi nokkuð um samskipti við kjararáð og sagði frá fundi sem hann fékk í gær með ráðinu til að ræða bréf starfskjaranefndar um almenna hækkun félagsmanna. Kjararáð telur sig geta úrskurðað um mjög einsleita hópa, en ekki komið með úrskurð fyrir alla. Hópur forstöðumanna sé ekki nægjanlega einsleitur. Þá telur kjararáð sig hafa tekið tillit til vísitölu í sínum úrskurðum og geti því ekki hækkað allan hópinn. Eina leiðin fyrir forstöðumenn sé því að senda inn beiðni um nýja launaákvörðun.

Gissur Pétursson þakkaði stjórn fyrir kraftmikið starf og sagði að félagið væri á leiðinni að verða stéttarfélag. Hann ræddi um starfsmenntunarsjóði og aðra sjóði og varaði við mikilli sjóðasöfnun. Hann telur að stjórnin eigi að vera málsvari félagsmanna, og hvetur stjórn til þess. Oft sé vegið að embættismönnum og þeir eigi ekki alltaf auðvelt með að svara fyrir sig.

Björn Karlsson taldi þetta vera mjög mikilvægt. Almannatengsl væru einnig afar mikilvæg.

Halldóra Vífilsdóttir fundarstjóri benti á að sókn geti verið besta vörnin og að félagsmenn eigi að leitast við að fá umfjöllun, en ekki lenda í deilum. Hún þakkaði fyrir góðar umræður og sleit fundi.

Upptaka af fundinum verður aðgengileg á vef FFR.